

Aðalfundur UMFN, þann 10. maí 2012 kl. 19:30, í Íþróttamiðstöð Njarðvíkur

Mættir voru 60-70 manns

Dagskrá fundar:

1. Fundur settur

- Kosning fundarstjóra
- Kosning fundarritara

2. Skýrsla formanns

3. Ársreikningar

- Fundargerð síðasta aðalfundar lögð fram
- Féhirðir leggur fram reikningshald aðalstjórnar og deilda fram til samþykktar vegna ársins 2011

4. Heiðursviðurkenningar

5. Kosningar til aðalstjórnar og nefnda

- Kosinn formaður
- Kosinn einn stjórnarmaður til tveggja ára
- Kosnir tveir varamenn
- Kosnir tveir skoðunarmennog einn til vara

7. Önnur mál

8. Fundarslit

1. Þórunn varaformaður setur fundinn og stingur upp á Brynju Vigdísi sem fundarstjóra og Önnu Andrésdóttur sem fundarritara og er það samþykkt samhljóða af fundargestum.

Fundargerð síðasta aðalfundar er lögð fram.

2. Þórunn les skýrslu stjórnar í fjarveru Stefáns formanns.

3. Ágústa Guðmarsdóttir féhirðir UMFN fer yfir ársreikning og býður fundargestum að leggja fram spurningar. Engar spurningar komu frá þeim. Ársreikningur er samþykktur án athugasemda.

4. Viðurkenningar

Knattspyrnumaður UMFN: Andri Fannar Freysson

Körfuknattleiksmaður UMFN: Ólafur Helgi Jónsson

Sundmaður UMFN: Erla Dögg Haraldsdóttir

Þríprautamaður UMFN: Klemenx Sæmundsson.

Júdómaður UMFN: Björn Lúkas Haraldsson.

Lyftingamaður UMFN: Steinar Freyr Hafsteinsson

Íþróttamaður UMFN: Erla Dögg Haraldsdóttir

Viðurkenning fyrir góðan árangur í frjálsum íþróttum fatlaðra: Auðunn Snorri Árnason

Viðurkenning fyrir störf í þágu félagsins:

Ómar Kristjánsson

Björgvin Magnússon

Ágúst Hrafnsson

Sérstakar þakkir fyrir hjálpssemi og stuðning við félagið: Starfsfólk Íþróttahúss Njarðvíkur

Bronsmerki félagsins fá þeir sem hafa keppt eða starfað fyrir félagið í tíu ár eftir sextán ára aldur. Eftirtaldir hljóta merkið í ár:

Sturla Ólafsson fyrir keppni í kraftlyftingum og stjórnarsetu.

Hörður Birkisson fyrir keppni í kraftlyftingum. (var ekki viðstaddur, merki ekki afhent)

Sævar Borgarsson fyrir keppni í kraftlyftingum og stjórnarsetu.

Gullmerki félagsins fá þeir sem hafa keppt eða starfað fyrir félagið í tuttugu ár eftir sextán ára aldur. Það hlýtur:

Gunnar Örn Guðmundsson fyrir keppni í ýmsum greinum og stjórnarsetu.

Ólafur Thordersen kemur og afhendir Ólafsbikarinn. Hann hlýtur:

Guðmundur Stefán Gunnarsson

5. Brynja Vigdís kemur upp og stýrir kosningum á nýrri stjórn.

Þórunn Friðriksdóttir býður sig fram til formanns og er hún kosin samhljóða.

Hermann Jakobsson og Anna Andrésdóttir voru kosin til tveggja ára stjórnarsetu í fyrra og sitja því áfram í stjórn.

Ágústa Guðmarsdóttir og Ólafur Eyjólfsson bjóða sig fram til stjórnar og eru þau kosin samhljóða.

Sigríður Ragnarsdóttir og Thor Ólafur Hallgrímsson bjóða sig fram til varastjórnar og eru þau kosin samhljóða.

Valpór Söring og Ingigerður Sæmundsdóttir bjóða sig fram til að vera skoðunarmenn reikninga og til vara Þórður Karlsson, þau eru kosin samhljóða.

6. Fundarstjóri býður öðrum að taka til máls.

Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ tekur til máls. Hann skilar kærri kveðju frá formanni UMFÍ og öðru starfsfólki. Hann talar um starfsemi UMFÍ, meðal annars landsmótin. Hann býður UMFN að taka að sér landsmót árið 2015. Hann býður hann fundargestum að koma við í þjónustumiðstöð UMFÍ að Sigtúni 42 auk þess sem hann leggur fram Skinfaxa og auglýsingar frá UMFÍ. Hann talaði einnig um hversu mikilvæga vinnu sjálfboðaliðar vinna fyrir íþróttafélögin í landinu.

Jóhann Magnússon formaður ÍRB tekur til máls. Hann talar um að gott væri að fá heildarársskýrslu frá öllum deildum félagssins og upplýsingar um iðkenndur. Hann bendir á að árið 2010 hafi félagið haft 470 iðkenndur 18 ára og yngri og að drengir voru í meirihluta, einnig bendir hann á að fjölgun hafi verið á fullorðnum einstaklingum eftir að þrírprautadeildin tók til starfa. Hann hrósar félaginu fyrir gott starf.

Gunnar Þórarinsson tekur til máls. Hann óskar nýkjörnum stjórnarmönnum og viðurkenningarhöfum til hamingju. Hann talar um að þegar hann kom til bæjarins hafi aðstaða félagsins verið mjög góð og sé það að miklu leiti sjálfboðaliðum að þakka. Hann talar einnig um hversu mikilvægt sjálfboðaliðastarfið sé og bendir á að með mótahaldi fáist töluverðar fjárhæðir til fyrirtækja í bænum. Hann talar um að íþróttir séu góðar forvarnir og þakkar fyrir góðan fund og öflugt starf félagsins.

Kristinn Jakobsson tekur til máls og óskar þeim sem hlutu viðurkenningar til hamingju. Hann segist koma úr hjáleigunni og talar um að íþróttafélögin í Njarðvík og Keflavík séu hvort öðru mikilvæg. Hann talar um að samstaða einkenni UMFN. Hann bendir á að Keflvíkingar boði bæjarstjórn á aðalfundi sýna og leggur til að stjórn UMFN geri það líka.

7. Þórunn þakkar fyrir traustið sem henni er sýnt með því að vera kosinn formaður. Hún þakkar Stefáni fyrir vel unnin störf og býður Thor velkominn í stjórnina.

Fundi slitið kl. 20:25.